

Verkefnislýsing heimildaritgerðar

Nemendur vinna heimildaritgerð um viðfangsefni sem byggist á fræðilegri þekkingu á námssviði/sérgrein hans. Nemandi er þó heimilt að vinna rannsókn í samráði við umsjónarkennara.

Um er að ræða einstaklingsverkefni. Þó er nemendum heimilt að vinna paraverkefni en bera þá sjálfir ábyrgð á samstarfinu.

Ritgerðin skal hafa hefðbundna uppsetningu með 5 köflum; Inngangi, þremur meginmálköflum og svo lokaorðum. Að sjálfsgöð skal vitnað til heimilda og má segja að heimildalisti í lok verksins sé sjötti í síðasti kaflinn.

Yfirlit verkefnaskila:

18.febrúar– eiga heimildalist og efnisgrind að vera klár.

Vika 14 – síðasti séns að skila leiðsagnarskilum.

3.maí – síðasti séns að skila lokaskilum verkefnis.

9. maí – Lokaverkefnisdagur, kynna og verja verkefnið ykkar.

Kröfur fyrir öll lokaverkefni:

- Nemandi velur sér umfjöllunarefni sem er innan áhugasviðs og endurspeglar námsval viðkomandi við skólann.
- Nemandi setur fram rannsóknarspurningu og tilgátu eða tilgátur sem leitast er við að svara í verkefninu. Verkefnið snýst svo um að svara þessari spurningu út frá nokkrum sjónarhornum.
- Verkefnið á að vera hið minnsta 2.500 orð fyrir einstaklingsverkefni og 3.500 orð fyrir paraverkefni (fyrir utan forsíðu, heimildaskrá og fylgiskjöl).
- Nota skal Times New Roman Arial eða Calibri letur í 12 punkta stærð með línubil 1,5

Heimildir:

- Vísa þarf jafnóðum til heimilda, setja tilvísanir fram með viðeigandi hætti og vísa til heimildaskrár. Halda þarf beinum tilvitnunum í algjöru lágmarki, einungis skal nota þær ef orðalag skiptir máli.
- Nota skal APA kerfið, sjá leiðbeiningar á vef HÍ eða HR.
- Vinnið þið heimildaskráningu jafnóðum. Ekki geym það að setja inn tilvísanir og ekki setja bara inn linka. Þið munið þakka sjálfum ykkur fyrir það í vor.

Einstaklingsverkefni (lágmark)	Paraverkefni (lágmark)
Að minnst kosti 8 gæða heimildir, þar af þurfa 3 vera <i>ritrýndar</i> .	Að minnsta kosti 12 gæða heimildir, þar af þurfa vera ritrýndar.
Fyrsta val heimilda er alltaf ritrýnt.	Fyrsta val heimilda er alltaf ritrýnt.
Gera þarf ráð fyrir því að þurfa að nýta einnig ritrýndar heimildir á erlendu tungumáli.	Gera þarf ráð fyrir því að þurfa að nýta einnig ritrýndar heimildir á erlendu tungumáli.

Sérstakar kröfur eftir gerð verkefna:

- Þegar nemandi skilar fyrstu heildarskilum verkefnis verður að fylgja með sem fylgiskjal mat á áreiðanleika heimilda.
- Vanda skal alla uppbyggingu textans og hafa í huga þær kröfur sem gerðar eru um ritgerðarsmíð. Sjá upplýsingar á vef bókasafnsins og upplýsingar á vefjum HÍ og HR. Nánari upplýsingar um frágang er að finna á vef áfangans á Moodle.